

REGLUGERÐ

um öikumæla.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Allar bifreiðar, sem nota annað eldsneyti en bensín og eru 4 tonn eða meira að leyfðri heildarþyngd, skulu vera búnar öikumælum á hjólnafi, eða annars staðar á bifreið af þeim gerðum, sem ráðuneytið viðurkennir.

Á sama hátt skulu leigubifreiðar til mannflutninga fyrir allt að 8 farþega, sem nota annað eldsneyti en bensín, búnar öikumælum. Enn fremur skulu tengi- og festivagnar, sem eru 6 tonn eða meira að leyfðri heildarþyngd, búnir öikumælum.

Ákvæði reglugerðar þessarar um bifreiðir skulu gilda um tengi- og festivagna eftir því sem við á.

Af bifreiðum, sem búnar eru öikumælum, skal greiða þungaskatt eftir fjölda ekinna kílómetra samkvæmt gjaldskrá, sem ráðuneytið setur.

2. gr.

Óheimilt er öðrum verkstæðum en þeim, sem til þess eru viðurkennd af ráðuneytinu, að setja öikumæla og búnað þeirra í bifreiðar eða taka þá úr, nema nauðsynlegt sé vegna viðgerðar eða bilunar á bifreið. Í II. og III. kafla þessarar reglugerðar er nánar greint, hvers gæta skuli um viðgerðir bifreiða með öikumælum, svo og viðgerð og viðhald á mælum.

3. gr.

Hvert það verkstæði, sem setur öikumæli í bifreið samkvæmt reglugerð þessari, skal skrá eftirfarandi upplýsingar í akstursbók, sem ráðuneytið lætur í té.

- a. Skráningarnúmer bifreiðar.
- b. Nafn og heimilisfang eiganda.
- c. Gerð öikumælis og númer.
- d. Stærð hjólbarða á því hjóli eða hjólum, sem mælir er knúinn af.
- e. Drifhlutfall í mæli.
- f. Hvar og hvenær mælir var settur í bifreiðina.
- g. Nafn og heimilisfang þess verkstæðis, sem setti mælinn í bifreiðina.

Akstursbókin skal afhent eiganda ökutækis með þessum upplýsingum innfærðum.

4. gr.

Aður en mælir er tekinn í notkun skal eigandi bifreiðar fara með hana til skoðunar hjá bifreiðaeftirlitsmanni, sem athugar hvort mælir og ísetning eru í samræmi við þær reglur, sem greindar eru í II. og III. kafla þessarar reglugerðar. Þar sem eigi er kostur bifreiðaeftirlitsmanna, tilnefnið fjármálaráðuneytið eftirlitsmann (t. d. lögreglumann eða hreppstjóra), er framkvæmir eftirlit með öikumælum, og gilda þá ákvæði reglugerðar þessarar um þessa eftirlitsmenn á sama hátt og um bifreiðaeftirlitsmenn.

Ráðuneytið getur einnig skipað eftirlitsmann með öikumælum sem hafi yfirmun sjón með eftirliti öikumæla á öllu landinu.

Gilda ákvæði þessarar reglugerðar einnig um slíkan eftirlitsmann á sama hátt og um bifreiðaeftirlitsmenn.

Við samþykkt mælis innsiglar eftirlitsmaður mælinn við ökutækið, fjarlægir bráðabirgðainnsigli, sbr. II. og III. kafla, og staðfestir jafnframt samþykki sitt í

akstursbókina og skráir stöðu mælis og númer í hana. Í skoðunarvottorð bifreiðarinnar skal eftirlitsmaður jafnframt skrá, að mælir hafi verið settur í bifreiðina.

5. gr.

Eftirlitsmaður sendir tilkynningu um, að mælir hafi verið settur í bifreiðina og mælisstöður á þar til gerðu eyðublaði til hlutaðeigandi innheimtumanns ríkissjóðs, þar sem bifreiðin er skráð.

6. gr.

Akstursbók skal ávallt vera í bifreiðinni. Sé þess krafist, skal akstursbók sýnd þeim, er eftirlit annast, og veitt önnur sú aðstoð sem farið er fram á og nauðsynleg er vegna eftirlits með öikumæli bifreiðarinnar þar á meðal að aka bifreiðinni allt að 100 m vegalengd til sannprófunar öikumæli.

Óheimilt er að breyta því, sem skráð hefur verið í akstursbók, eða fjarlægja blaðsíður úr henni. Eigandi bifreiðar skal varðveita akstursbók í 3 ár, eftir að hún er útskrifuð eða skipt hefur verið um hana.

7. gr.

Eigandi eða umráðamaður bifreiðar skal mánaðarlega lesa á öikumæli og skrá mælisstöðu í akstursbók sína.

Í lok hvers ársþriðjungs þ. e. á síðustu 10 dögum ársþriðjungs eða fyrstu 10 dögum næsta ársþriðjungs, skal eigandi eða umráðamaður bifreiðar, án sérstakrar tilkynningar, koma með bifreið sína til eftirlitsmanns og láta lesa á og skrá stöðu öikumælis.

Nú er skráningarmerki bifreiðar afhent lögreglustjóra til geymslu eða bifreið afskráð, og skal þá á sama hátt láta lesa á og skrá stöðu öikumælis. Er áfallinn skattur þá gjaldfallinn.

Tilkynningu um mælisstöðu skal eftirlitsmaður senda tafarlaust á þar til gerðu eyðublaði til hlutaðeigandi innheimtumanns ríkissjóðs, þar sem bifreiðin er skráð.

Álestur öikumæla skal framkvæmdur eftir nánari reglum, sem fjármálaráðuneytið setur.

8. gr.

Komi fram bilun á öikumæli eða ef líklegt þykir, að mælir telji rangt, svo sem vegna breyttrar stærðar hjólbarða, skal eigandi eða umráðamaður bifreiðar fara með hana til skoðunar hjá næsta eftirlitsmanni, sem skráir stöðu mælisins. Jafnframt ákveður hann hæfilegan frest til lagfæringar mælis eða frest til að setja nýjan mæli í bifreiðina.

9. gr.

Við árlega skoðun bifreiðar skal skrá stöðu öikumælis í akstursbók ásamt dagsetningu og athugasemdum, ef einhvörjar eru.

Sama gildir í hvert sinn, er sérstök skoðun fer fram á bifreiðum með öikumælum. Komi í ljós við slíka skoðun, að öikumælir sýni á einhvern hátt rangt, eða sé ekki frá honum gengið á þann hátt, sem mælt er fyrir í reglugerð þessari, skal skoðunarmaður (bifreiðaeftirlitsmaður, lögreglumáður eða vegaeftirlitsmaður) ákveða hæfilegan frest til lagfæringar öikumælis og senda tafarlaust tilkynningu um það til hlutaðeigandi eftirlitsmanns ríkissjóðs.

10. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs reikna út skatt samkvæmt öikumælum eftir tilkynningum um álestur öikumælis ársþriðjungslega. Skal skatturinn reiknaður út fyrir hvern liðinn ársþriðjung eftir fjölda ekinna kílómetra á því tímabili.

Komi í ljós við eftirlit eða við tilkynningu frá skoðunarmanni, sbr. 9. gr., að mælir sé eigi innsiglaður eða sé ekki frá honum gengið á þann hátt, sem mælt er fyrir í þessari reglugerð, svo og ef ökutaki hefur verið í notkun, án þess að mælir þess hafi verið virkur, ákvarðast skatturinn af hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs, svo og sekt samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 429/1976 um innheimtu bifreiðagjalda.

11. gr.

Skatturinn greiðist á þann hátt og innan þess frests, sem um getur í reglugerð nr. 429/1976. Við umskráningu bifreiðar má krefjast þess, að framvísað sé kvittun um, að áfallin gjöld séu greidd.

Ef bifreið með ökumæli er seld, skal seljandi hennar tilkynna það innan þriggja daga til hlutaðeigandi innheimtumanns ríkissjóðs. Ef skipt er um vél í bensínbifreið, sem við það fellur undir ákvæði reglugerðar þessarar, hvílir sama tilkynningar skylda á eiganda bifreiðarinnar. Innan sama frests skal og tilkynna sérhverja breytingu á búsetu eiganda bifreiðar hvort heldur er innan innheimtuumdæmis eða ef flutt er í annað innheimtuumdæmi.

II. KAFLI

Ákvæði er varða nafmæla.

Forðast verður að setja ökumæli á hjólnaf bifreiðar, ef mælir nær út fyrir mestu breidd bifreiðarinnar.

12. gr.

Nafmælir skal settur á vinstra framhjólshaf bifreiðarinnar. Skal það gert samkvæmt teikningum, sem ráðuneytið lætur í té eftirlitsmönnum og verkstæðum þeim, sem viðurkennd eru til ísetningar á ökumælum.

13. gr.

Á skráfum í botnplötu ökumælis skulu vera innsigli þannig, að eigi verði komist að teljara, án þess að örygginn sé rofin. Innsigli þessi skulu útbúin af framleiðanda ökumælisins eða umboðsmanni hans. Í öryggi þessi skal þrykkja tegundarheiti mælis. Á hverjum ökumæli skal vera plata úr kopar, réttthyrnd 28×14 mm, þykkt 1 mm. Á báðum styttri hliðum skulu vera göt 4,5 mm í þvermál. Platan skal vera fest við mælinn með tveim innsigliðskráfum svo nálægt hjólnafi bifreiðarinnar sem mögulegt er, þannig að nota megi sem stýstan innsigliðsvír til að innsigla númersplötu við ökumælinn og ökumælinn við hjólnaf. Á númersplötuna skal þrykkja númer og gerð mælis.

14. gr.

Ökumælirinn skal vera tengdur við hjólnafið með innsigli, þannig að hann verði eigi tekinn af, án þess að innsigli sé rofið. Verkstæði það, sem setur ökumælinn í, lætur tvö innsigli á virinn og notar ytra innsiglið sem bráðabirgðainnsigli. Frá innsigli skal þannig gengið, að eigi þurfi að rjúfa það, þótt skipta þurfi um eða gera við hjólbarða á bifreiðinni. Göt þau, sem innsigliðsvír er þræddur í, skulu vera með ávolum brúnum til að hlífa innsigliðsvírnum. Innsigliðskráfur á ökumæli og hjólnafi skulu eigi vera meira en 4 mm í þvermál og þegar mögulegt er með eigi færri en 10 gengjum. Innsigliðsvír skal vera viðurkenndur af ráðuneytinu. Ávallt skal gæta þess að innsigliðsvír sé eigi óþarflega slakur.

15. gr.

Þegar ökumælir hefur verið settur á og innsiglaður með bráðabirgðainnsigli, gefur verkstæði það, er setur ökumælinn í, út akstursbók og skráir í hana svo sem fyrir er mælt í 3. gr.

16. gr.

Eigi er öðrum heimilt að taka teljara úr eða setja teljara í ökutæki en umboðsmanni ökumæla eða verkstæðum sem viðurkennd eru af ráðuneytinu. Til að verkstæði geti hlotið slíka viðurkenningu ráðuneytis þarf það að hafa tilskilin tæki og verkunnáttu á að skipa til að ganga frá teljara í sinni upprunalegu mynd og innsigla við ökumælishús.

17. gr.

Eftirlit á mælum skal fara fram eftir um það bil 300 000 km akstur og eigi síðar en eftir 350 000 km akstur.

18. gr.

Viðgerðir, breytingar og eftirlit á teljara í ökumæli má einungis framkvæma hjá umboðsmönnum ökumæla eða viðurkenndum verkstæðum sbr. 16. gr.

19. gr.

Þegar ökumælir er tekin úr bifreið vegna eftirlits eða viðgerðar, skal forstöðumaður verkstæðis, eftir að mælir hefur verið settur í að nýju, og innsiglaður svo sem greint er í 15. gr., færa í akstursbók mælisstöðu mælis, ástæðu fyrir því að hann var tekinn úr, dagsetningu, nafn verkstæðis og heimilisfang og undirrita síðan.

Bifreiðin skal síðan færð til bifreiðaeftirlitsmanns eða sérstaks eftirlitsmanns sem fjármálaráðuneytið tilnefnir til skoðunar svo sem greint er í 4. gr.

20. gr.

Númersplötur af ökumælum, sem teknir hafa verið úr notkun, skulu varðveittar hjá umboðsmanni, og er eigi heimilt að nota þær aftur á sama gjaldári.

Innheimtumenn ríkissjóðs geta krafist þess hjá umboðsmanni, að hann veiti upplýsingar um mælisnúmer, mælisstöðu, svo og dagsetningu á þeim ökumælum, sem teknir hafa verið úr notkun.

21. gr.

Þegar taka verður ökumæli úr vegna viðgerðar á bifreið, er verkstæði því, er framkvæmir viðgerðina, heimilt að rjúfa innsigli það, er tengir mæli við ökutækið. Forstöðumaður verkstæðisins skal þá skrá í akstursbókina mælisstöðu, ástæðu fyrir því, að mælir er tekinn úr, dagsetningu, nafn verkstæðis og undirrita síðan.

Þegar viðgerð er lokið, færir forstöðumaður verkstæðisins á ný í akstursbókina mælisstöðu ökumælisins, dagsetningu og undirritar síðan. Bifreiðin skal síðan færð til bifreiðaeftirlitsmanns eða annars aðila, sem fjármálaráðuneytið tilnefnir til innsiglunar á ökumælum.

22. gr.

Verði bilun á bifreið í akstri, þannig að eigi verði ekið lengra án viðgerðar, sem hefur í för með sér að taka verður ökumæli af, er ökumanni heimilt að rjúfa innsigli það, er tengir mæli við bifreiðina. Skal hann þá skrá í akstursbókina stað og stund, er innsigli var rofið, mælisstöðu og ástæðuna fyrir því og staðfesta síðan með undirskrift sinni.

III. KAFLI**Ákvæði er varða aðra ökumæla en nafmæla.****23. gr.**

Ökumælir skal vera með innsiglaðri númersplötu og mælisnúmeri. Skal honum komið þannig fyrir, að hann hindri ekki ökumann í notkun stjórntækja. Þegar ökumælir kemur í stað hraðamælis bifreiðar, skal honum komið fyrir í sjónmáli ökumanns.

24. gr.

Drifsnúra í barka skal tengjast við girkassa, vinkildrif, millistykki og mæli svo sem sýnt er á teikningum, sem ráðuneytið lætur í té. Eins og sjá má á teikningu, má festa driftengi beint á girkassaúttak hraðamælis eða, verði því ekki við komið, þá á annan hentugan stað. Við þær aðstæður skal nota millitengi milli driftengis og girkassa. Vinkildrif notast, þegar nauðsyn er vegna rúmleysis, eða ef það kemur í stað driftengis. Sé snúningshlutfall á hraðamælisúttaki girkassa hið sama og á mæli þeim, er setja skal í, má sleppa driftengi.

25. gr.

Leitast skal við að drifsnúra með barka sé hvergi í sveig með minna en 25 cm radius, og eigi meira en 1 m milli festinga.

26. gr.

Á áðurnefndri teikningu er sýnt, hvernig innsigli skal hagað. Göt, sem innsigli svír er þræddur í, skulu vera með ávölum brúnum til að hlífa innsigli svírnum. Eins og sjá má á teikningum, skulu:

- öll tengi milli girkassa, driftengis og mælis vera innsigluð, þannig að eigi sé hægt að losa þau án þess að innsigli sé rofið. Sé upprunalegur hraðamælir bifreiðarinnar tekinn úr notkun, skal úttak fyrir hraðamælissnúru á driftengi vera lokað með lokaðri ró úr málmi, sem innsigluð er svo sem áður er nefnt.
- allar skrúfur á driftengi vera innsiglaðar, þannig að eigi verði við þeim hreyft, án þess að innsigli sé rofið. Driftengi má eigi vera með smurnippli eða hliðstæðu.
- öll tengi fyrir drifsnúru vera innsigluð, þannig að drifsnúra verði eigi losuð nema innsigli sé rofið.
- ísettur mælir skal innsiglaður, þannig að hann verði eigi losaður frá festingum nema innsigli sé rofið. Innsigli skal sjást auðveldlega. Verkstæði það, er setur mælinn í, setur tvö innsigli á innsigli svír þann, er hér notast, og skal verkstæðið nota ytra innsiglið til bráðabirgða. Bifreiðin skal síðan færð til bifreiðaeftirlitsmanns. Sjá 4. gr.
- númersplata með mælisnúmeri á annarri hlið, en gerð mælis á hinn, skal innsigluð við mælinn. Platan skal vera úr kopar, rétthyrnd 30×12 mm þykkt 1 mm. Á annarri styttri hlið skulu vera tvö göt, hvort 2 mm í þvermál, fyrir innsigli svír.

27. gr.

Innsigli þau, sem um getur í 26. gr. a til c, skulu sett á af verkstæði því er setur mælinn í. Innsigli það, sem um getur í e-lið 26. gr., skal sett á af umboðsmanni mælis.

28. gr.

Þegar mælir hefur verið settur í bifreið og innsiglaður, svo sem að framan getur, gefur verkstæðið út akstursbók eins og greint er í 3. gr.

29. gr.

Eftirlit á mælum skal fara fram eftir um það bil 300 000 km akstur og eigi síðar en eftir 350 000 km. Jafnframt skal athuga og smyrja driftengi og snúrudrif.

30. gr.

Viðgerðir, breytingar og eftirlit á öikumælum og fylgihlutum þeirra, má einungis framkvæma af umboðsmanni eða verkstæðum, sem til þess eru viðurkennd af ráðuneytinu. Við ísetningu skal innsiglað svo sem fyrir er mælt.

Þegar framkvæma skal eftirlit á öikumæli samkv. 29. gr. eða gera við bilun á

ökumæli, sendir verkstæðið, sem verkið vinnur, mælinn til umboðsmanns án þess að innsigli við númersplötu sé rofið.

31. gr.

Þegar öikumælir er tekinn úr bifreið, skal jafnframt setja annan mæli í staðinn. Sé bifreið á verkstæði vegna viðgerðar, þannig að gera megi við öikumæli eða senda hann til eftirlits, meðan bifreiðin er eigi í notkun, má þó nota sama mæli.

32. gr.

Þegar annar öikumælir með nýrri númersplötu er settur í bifreiðina, gefur verkstæðið út nýja akstursbók eftir að mælirinn hefur verið innsiglaður svo sem fyrir er mælt í 3. gr. Í akstursbók þess öikumanns sem úr hefur verið tekinn, færir forstöðumaður verkstæðisins mælisstöðu öikumælisins, ástæður fyrir því að hann var tekinn úr, dagsetningu, nafn verkstæðisins, og undirritar síðan. Bifreiðin skal síðan færð til bifreiðaeftirlitsmanns eða sérstaks eftirlitsmanns sem fjármálaráðuneytið tilnefnir til skoðunar, svo sem getið er í 4. gr.

33. gr.

Númersplötur af öikumælum, sem teknir hafa verið úr notkun, skulu varðveittar hjá umboðsmanni, og er eigi heimilt að nota þær aftur á sama gjaldári.

Innheimtumenn ríkissjóðs geta krafist þess hjá umboðsmanni, að hann veiti upplýsingar um mælisnúmer, mælisstöðu, svo og dagsetningu á þeim öikumælum, sem teknir hafa verið úr notkun.

34. gr.

Þegar taka verður öikumæli eða hluta af mælabúnaði úr vegna viðgerðar á bifreið, er verkstæði því, er framkvæmir viðgerðina, heimilt að rjúfa innsigli þau, er tengja þá hluta við bifreiðina.

Forstöðumaður verkstæðisins skal þá skrá í akstursbókina mælisstöðu, ástæðuna fyrir því, að tekið var sundur, dagsetningu ásamt nafni verkstæðisins og undirrita síðan.

Þegar viðgerð er lokið færir forstöðumaður verkstæðisins á ný í akstursbókina mælisstöðu öikumælisins, dagsetningu, og undirritar síðan. Bifreiðin skal síðan færð til bifreiðaeftirlitsmanns eða sérstaks eftirlitsmanns, sem fjármálaráðuneytið tilnefnir til innsíglunar á öikumælum.

IV. KAFLI

Um gildistöku og refsingar o. fl.

35. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 000 kr., nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Með slík mál skal fara að hætti opinberra mála.

36. gr.

Uns ákveðið er með auglýsingu um gildistöku 2. mgr. 1. gr. er eigendum leigu-bifreiða til mannflutninga sem nota annað eldsneyti en bensín heimilt að greiða fast árgjald í stað þess að setja öikumæli í bifreiðina og greiða gjald fyrir hvern ekinn kílómetra.

37. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 7. gr. 1. nr. 79 6. september 1974, tekur gildi þegar í stað og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 293/1975.

Fjármálaráðuneytið, 19. janúar 1977.

Matthías Á. Mathiesen.

Jón Sigurðsson.

Nr. 63.

20. janúar 1977.

G J A L D S K R Á

Rafmagnsveitna ríkisins um raforkusölu í smásölu.

I. GJALDSKRÁRLIÐIR

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1. Fast gjald	kr.	F1
Orkugjald	—	63.00 á kWst.
1.2. Fast gjald	—	F1 + F2
Orkugjald	—	34.00 á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl.

2.1. Fast gjald	kr.	F1 + F2
Orkugjald	—	16.40 á kWst.

Markmæling:

2.3. Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	—	86 220.00 á ári
Aflgjald umfram 4 kW að hámarksafstillingu	—	17 085.00 á kW á ári
20 kW	—	11 675.00 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun	—	2.05 á kWst.
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	16.40 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

3.1. Fast gjald	kr.	F1 + F2
Lágmarksgjald	—	58 × F1 á ári
Orkugjald	—	34.00 á kWst.
3.2. Aflgjald, lágmark 3 kW	—	63 345.00 á ári
Aflgjald, umfram 3 kW	—	17 085.00 á kW á ári
Fast gjald	—	F1 + F3
Orkugjald	—	6.30 á kWst.
3.4. Til súgurrkunar á tímabilinu frá 1. júní til 31. október	—	6 370.00 á kW á ári
Aflgjald	—	F1
Fast gjald	—	F1
Orkugjald	—	2.75 á kWst.